

Puppet Pals – orsök og afleiðing

Smáforritið Puppet Pals er upplagt til þess að nota til að kenna börnum orsök og afleiðingu.

Hægt er að nota persónur sem til eru í forritinu og búa til eigin persónur, jafnvel barnið sem þú ert að vinna með.

Byrjaðu á sögu um persónu (karl/konu, stúlku/pilt) sem lendir í ævintýri þar sem einn atburður veldur öðrum. Til dæmis gætirðu byrjað sögu um konu sem finnur tímavél (þarft kannski að útskýra hvað slík vél gerir): Einn daginn fann Guðrún tímavél. Hún kveikti á vélinni og þá (eitthvað gerist). Þá á barnið að halda áfram með söguna. Þú heldur svo áfram með söguna út frá því sem barnið segir eða gerir. Þú stoppar og biður barnið um að klára næsta hluta sögunnar. Hvetja barnið þitt til að nota og hlusta eftir orðum og orðasamböndum eins og "vegna þess" eða "af því að" til að hjálpa honum eða henni að íhuga orsök / áhrif samskiptanna. Puppet Pals smáforritið tekur upp allt sem sagt er og framkvæmt og það er upplagt að hlusta saman og ræða ákveðin atriði í sögunni. Hvað ef ... Þá hvað?

Leikur

Láta t.d. tvær persónur leika leik sem kannar orsakir og afleiðingu. Byrjaðu með því að breyta setningu með því að nota "ef ... þá" byggingu. Til dæmis, "Ef ég kasta bolta, þá mun hann fljúga yfir í bakgarðinn hjá nágroannanum" Þú gætir verið búin að útbúa bolta sem önnur persónan kastar. "ef ... þá" setningu. Eftir hverja setningu skaltu ræða um orsök og afleiðingu.

Reyndu að spila þennan leik aftur seinna meðan þú ert að fást við eitthvað annað með barninu eða fleiri börnum. Hversu margir "ef ... þá" yfirlýsingar getur barnið búið til?

Ef ég kasta bolta á leikvöllinum, þá mun boltinn.....

Ef ég hoppa of hátt á trampólíni, þá mun ég.....

Ef ég dett úr rólu úti í garði, þá

Ef ég vakna um miðja nótt, þá.....